

# Sjaldan of mikið af sannri sjálfs gagnrýni

ÓLÖF PÁLSDÓTTIR myndhöggvari er nýlega komin til landsins. Hún hefur síðustu árin sýnt verk sín á nokkrum stærstu listasýningum í Danmörku. Hafa þau ávallt vakið mesta athygli af þeim höggmyndum, sem þar hafa verið. — Dómar listdómara hafa undantekningarlaust verið mjög iofsamlegir um þau og má það teljast óvenjulegt og gleðilegt þar sem svo ung listakona á hlut að máli.

Nokkur ummæli danskra blaða um verk hennar hafa birtst hér heima.

Mbl. hefur hitt Ólöfu Pálsdóttur að máli og leitað tíðinda hjá henni af námi hennar og listastarfi.

— Hvenær hófuð þér nám yðar?

— Það var árið 1946. Eg sótti fyrst listaskóla hins þýzka próf. Backman í Árósum, en fór þaðan í einkaskóla Olaf Stehr-Nielsen myndhöggvara í Kaupmannahöfn. Þar næst var ég í 2 ár í Frederiksberg tekniske skole. — Síðan hefi ég stundað nám s.l. 4 ár í konunglega listaháskólanum í Höfn.

## ÞÁTTTAKA Í LISTASÝNINGUM

— Þér hafið tekið þátt í ýmsum listasýningum í Danmörku?

— Já, ég tók fyrst þátt í nemandasýningum listaháskólans og sölusýningu hans, sem haldin er samkvæmt gamalli venju. Er efnt til þeirrar sýningar til þess að afla fjár til skóla-ferðalaga nemande. Eru það að jafnaði mikið sóttar sýningar, og töluvert selt þar af listaverkum. Sýning þessi lá lengi niðri, en hefur nú verið tekin upp að nýju.

— Tókuð þér ekki þátt í „Haustsýningunni“ á „Den frie“ s. l. haust?

— Jú, ég fékk inn tvær höggmyndir á þá sýningu.

— Eru ekki send þangað þúsundir verka, og ströng gagnrýni viðhöfð þegar valið er úr þeim til sýningarinnar?

— Jú.


— En þér fenguð frábæra dóma í dönsku blöðunum fyrir höggmyndir yðar?

— Já, en ég hafði ekki gert mér vonir um það, og urðu dómarnir mér til mikillar uppörvunar. Sama er að segja um stærstu listasýningu ársins, vorsýninguna á Charlottenborg, sem ég tók einnig þátt í.

## FRJÁLSLEGUR SKÓLI, EN FYLGIR GÖMLUM ERFÐAVENJUM

— Hvað segið þér um listaháskólann í Höfn?

— Eg álit hann heilbrigðan skóla. Hann starfar á frjálsum grundvelli, en fylgir þó jafnframt gömlum „traditionum“. — Akademið stendur sterkt gagnvart utanaðkomandi áhrifum, en leyfir samt hverjum einstökum að



fylgja sannfæringu sinni. Í hinni skapandi list eiga engin höft eða fyrirfram ákveðnar stefnur að ráða mótun verksins.

Vinnuskilyrði eru ágæt í skólanum og allt andrúmsloft þar innan veggja óþvingað. Eg er skólanum mjög þakklát fyrir dvöl mína þar.

## Samtal við Ólöfu Pálsdóttur myndhöggvara



Ólöf Pálsdóttir.

— Er hann ekki talinn meðal elstu listaháskóla Evrópu?

— Svo er sagt.

## ÍSLENDINGA SKORTIR SJÁLFSGAGNRÝNI

— Hafið þér ekki í hyggju að halda hér sýningu á verkum yðar?

— Ekki að svo stöddu.

til þess að læra og kynnast hlutunum. Hraðinn í lífinu er orðinn svo mikill, að sjálfstæð hugsun fær varla tíma til að þróast. Hér nafa annars allir vit á öllu! — Margir Íslendingar eru án efa listhneigðir í eðli sínu, en þeim stafar, að mínu áliti, hætta af of sterkum áhrifum erlendis frá, og tapa af þeim sökum auðveldlega sínum eigin smekk.


## ERFITT STARF

— Er það ekki erfitt starf fyrir kvenmann að stunda höggmyndalist?

— Jú, sannarlega. Myndhöggvari þarf að taka á öllum sínum kröftum, bæði andlegum og líkamlegum. Og þess meira sem hann nemur, þess lengra finnst honum að máttur og þess meira krefst hann af sjálfum sér.

— Þúist þér að námi yðar áfram, og þá hvar?

— Já, ég vona að ég hafi mögu leika til þess, og það lengi enn. Hvert og hvenær ég fer, get ég ekki sagt neitt um að svo stöddu, segir Ólöf Pálsdóttir að lokum.



— Hvers vegna ekki?

— Til þess liggja ýmsar ástæður, meðal annars sú, að ég hefi ekki löngun til þess eins og er, og svo myndi heimflutningur á myndum mínum kosta mikið fé.

— Hvernig list yður á framtíð höggmyndalistarinnar hér heima?

— Um það vil ég ekki fjöl-yrða, þar sem ég er orðin hér hálf ókunnug eftir útivistina, hefi auk þess aldrei unnið hér listastörf.

Mér finnst að Íslendinga skorti oft sanna sjálfs gagnrýni, ekki síst á þessu sviði, en af henni er að mínu áliti sjaldan of mikið. — Með þessum orðum á ég ekki eingöngu við listamenn, heldur fólk almennt. Það gefur sér ekki tíma

Það er fyllsta ástæða til að fagna sigrum þessarar efnilegu listakonu í námi hennar og listastarfi. Öll þau ummæli erlendra listdómara, sem hingað hafa borizt um verk hennar, vekja miklar vonir um framtíð hennar á lista- brautinni. —

## Hestvagnar hverfa, leigubifreiðar í staðinn

NAPÓLÍ — Borgarstjórn Napólí hefur ákveðið að endurnýja ekki atvinnuleyfi þeirra, sem stundað hafa hestvagnaakstur í borginni. Ætlunin er að taka leigubifreiðar í notkun í borginni.

## Almennur dansleikur

verður haldinn í Sjálfstæðishúsinu

í kvöld klukkan 9

Aðgöngumiðar seldir frá kl. 8.

— Bezt að aulýsa í Morgunblaðinu —